

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1981.

F. h. r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Ingólfur Friðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 629 30. desember 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar:
84.15.10, 84.40.10, 84.40.21, 85.06.11 og 85.06.31.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1981.

Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1981.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

15. tl. 14. gr. reglugerðarinnar (sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978) orðist svo:
Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skiðalyftum, sundstöðum, kappreiðum og góðhestakeppni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1981.

Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1981.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.